

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Skipulagsfulltrúi  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 27. nóvember 2017  
UST201710-059/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag Hornafjarðar - breyting – verslun og þjónusta Reynivellir**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 9. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030. Breytingarnar felast í því að 10 ha opið svæði/landbúnaðarland er skilgreint sem svæði fyrir verslun og þjónustu í landi Reynivalla II.

#### **Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að Reynivellir II liggja vestast í Suðursveit, sunnan þjóðvegar og að þar er fyrirhugað að reisa hótel, og koma á fót eldsneytissölu og annarri þjónustu við ferðamenn. Einnig kemur fram að svæðið er sléttlent og að mestu gamall framburður og er fremur rýrt.

#### **Reynivellir II**

Umhverfisstofnun bendir á að í upphafi greinargerðar er fjallað um að breyting sé vegna uppbyggingar í landi Reynivalla II, í forsendum er fjallað um Reynivelli I, II og III. Í breytingu á aðalskipulagi er síðan fjallað um Reynivelli, og Reynivelli II.


#### **Umhverfisskýrsla**


Umhverfisstofnun tekur undir að bygging hótel að Reynivöllum II, á sléttlendi sunnan þjóðvegar mun hafa neikvæð áhrif á ásýnd og landslag svæðisins. Að mati stofnunarinnar fer það eftir útfærslu og frágangi hve mikil áhrifin verða.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur